



Aukaaðalfundur SASS

haldinn 14. desember 2012

á Hótel Selfossi

1. Fundarsetning.

Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna og gerði grein fyrir þeim störfum sem farið hafa fram frá því á fundinum á Hellu í október sl. meðal annars gerð sóknaráætlunar 20/20 og vinnu við að fá framlag frá Bygðarstofnum vegna inngöngu Hornfirðinga í atvinnuþróunarfélagið.

Formaður tilnefndi Ástu Stefánsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjóra, stjórn fundarins.

2. Kjör kjörbréfa- og kjörnefndar, fjárhagsnefndar og allsherjarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir nefndum.

Kjörnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður	Hveragerðisbær
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður	Rangárþing eystra
Páll Marvin Jónsson	Vestmannaeyjabær
Guðmundur Ingi Ingason	Skaftárhreppur
Ari Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Drífa Kristjánsdóttir	Bláskógabyggð
Kristján Sigurður Guðnason	Sveitarfélagið Hornafjörður

Fjárhagsnefnd

Aðalmenn:

Gunnsteinn Ómarsson	Rangárþingi ytra
Ásta Stefánsdóttir, varaformaður	Sveitarfélagið Árborg
Margrét Sigurðardóttir	Flóahreppur
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Harðardóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur

Varamenn:

Eyþór Arnalds	Sveitarfélagið Árborg
Eydís Indriðadóttir	Ásahreppur
Róbert Hlöðversson	Hveragerðisbær
Elvar Eyvindsson	Rangárþing eystra
Jón G. Valgeirsson	Hrunamannahreppur

Allsherjarnefnd:

Jón Valgeirsson, formaður	Hrunamannahreppur
Elín Einarsdóttir,	Mýrdalshreppur
Gunnlaugur Grettisson	Vestmannaeyjabæ

Helgi S. Haraldsson
Haukur Kristjánsson

Sveitarfélagið Árborg
Rangárþingi eystra

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd og allsherjanefnd þegar til starfa

3. Fjárhagsáætlun SASS 2013

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2013 ásamt meðfylgjandi greinargerð:

Forsendur og skýringar

Forsendur

Þessi áætlun byggist í meginatriðum á þeirri starfsemi sem farið hefur fram á undanförunum árum hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Fyrir liggur þó að á næsta ári þarf að fara í saumana á ýmsum rekstrarliðum með það að markmiði að hagnýta þau samlegðartækifæri sem eru til staðar við sameiningu þessara tveggja stofnana og ná þannig fram hagræðingu í rekstrinum.

Miðað er að öllu jöfnu við 5% hækkun verðlags á milli ára og jafnframt tekið tillit til samningsbundinna launabreytinga.

Skýringar

1. Lítil breyting verður á þjónustutekjum að undanskildu því að reiknað er með 3 millj. kr. til skrifstofunnar af rekstri almenningsgangna. Tekjur vegna þjónustu við Eignarhaldsfélag Suðurlands falla niður þar sem félagið hefur sagt upp þjónustusamningi frá og með áramótum. Óljóst er með framlag frá Byggðastofnun en óskað hefur verið eftir 5 millj.kr. hækkuðu framlagi vegna inngöngu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Framlög sveitarfélaganna verða reiknuð út frá íbúafjölda og er það breyting frá því sem hefur gilt um framlög til Atvinnuþróunarfélagsins. Breytingin kemur misjafnlega út fyrir sveitarfélögin eins og sést í meðfylgjandi samanburðartöflu. Framlag pr. íbúa verður kr. 2.013 kr.
2. Í launakostnaðinum er gert ráð fyrir launum framkvæmdastjóra, 4 sérfræðinga og skrifstofustarfsfólks í 2,5 stöðugildum. Ef aukið framlag fæst frá Byggðastofnun vegna inngöngu Hornafjarðar er stefnt að því að bæta við einu stöðugildi.
3. Í rekstri bíla er gert ráð fyrir tveimur bifreiðum sem AÐS á. Bifreiðastyrkir eru að hluta til bundnir vegna ákvæða í ráðningarsamningi framkvæmdastjóra en einnig er áætlaður nokkur kostnaður vegna aksturs og ferða starfsmanns í Vestmannaeyjum á fastalandinu.

4. Stjórnarlaun eru áætluð nokkuð ríflega miðað við það sem verið hefur en gert er ráð fyrir auknu starfi stjórnar og hugsanlegri fjölgun stjórnarmanna.
5. Fasteignakostnaður er óbreyttur að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir leigu húsnæðis á Höfn í Hornafirði.
6. Styrkveitingar eru óbreyttar frá fyrra ári.
7. Annar rekstrarkostnaður er sambærilegur við kostnaðinn á þessu ári.
8. Afskriftir eru óbreyttar. Um er að ræða afskriftir vegna húsnæðisins að Austurvegi 56.
9. Ljóst er að fjármunatekjur verða verulega lægri en verið hefur vegna lágra innlánsvaxta. Vextir af langtímalánum eru annars vegar vegna húsnæðislána (1300 þús) og hins vegar vegna bílalána (230 þús).

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi, Gunnlaugur Grettisson, Vestmannaeyjarbæ, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri SASS, og Magnús Jóhannsson, Rangárþingi ytra,

4. Tillaga að breytingum á samþykktum

Gunnar Þorgeirsson, formaður, fylgdi úr hlaði tillögum um breytingum á samþykktum.

Viðbætur **feitletraðar**. Brottfellingar ~~yfirstrikaðar~~.

4.2

Á aðalfundi skal kosin 7–9 manna stjórn samtakanna. Samkvæmt tilnefningu skulu stjórnarmenn kosnir þannig úr þeim hópi manna sem eru kjörgengir skv. gr.3.2.: ~~4 úr Árborg, 1 úr Hveragerði eða Ölfusi, 1 úr öðrum~~ **5 úrsveitarfélögum** Árnessýslu, 1 úr Rangárvallasýslu, 1 úr Vestur-Skaftafellssýslu, 1 úr Sveitarfélaginu Hornafirði og 1 úr Vestmannaeyjum. Jafnmargir skulu kosnir til vara af hverju svæði. Aðalfundur kýs beinni kosningu formann og varaformann stjórnarinnar úr þessum hópi. Enginn skal eiga sæti lengur en 6 ár samfellt í stjórn.

Greinargerð

Breytingartillagan er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var á síðasta aðalfundi SASS. Meginrökin fyrir breytingunni eru þau að með auknum verkefnum SASS sem fylgja samruna APS og SASS auk annarra verkefna sem hafa bæst við s.s rekstur almenningsgangna og vinna við sóknaráætlun þá sé eðlilegt að fjölga

stjórnarmönnum. Með stækkun stjórnarinnar verður einnig betra samræmi á milli íbúafjölda og fulltrúa svæðanna í stjórn.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Gunnlaugur Grettisson, Vestmannaeyjabæ, Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg, og Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra,

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmati fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 59 en gild kjörbréf eru fyrir 47 fulltrúa. Alls eru 40 aðalfulltrúar mættir og 7 varamenn, 12 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmatum.

Gert var kaffihlé

5. Álit nefnda

Jón G. Valgeirsson formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir álitum nefndarinnar:

Ályktanir Allsherjarnefndar á aukaaðalfundi SASS á Selfossi 14. desember 2012.

Allsherjarnefnd

Í nefndinni sátu: Jón G. Valgeirsson, formaður, Gunnlaugur Grettisson, Elín Einarsdóttir, Haukur G. Kristjánsson og Helgi Sigurður Haraldsson. Þá mættu á fundinn Páll Marvin Jónsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Gunnar Þorgeirsson.

Formaður fylgdi eftirfarandi tillögu úr hlaði.

1. Tillaga um breytingar á samþykktum SASS.

Fyrir Allsherjarnefnd liggur fyrir tillaga um breytingar samþykktum SASS sem send var út í fundarboði til aukaaðalfundar ásamt greinargerð. Eftirfarandi tillaga er lögð fram en viðbætur eru feitletraðar í texta en niðurfellingar yfirstrikaðar.

4.2

Á aðalfundi skal kosin 7 9 manna stjórn samtakanna. Samkvæmt tilnefningu skulu stjórnarmenn kosnir þannig úr þeim hópi manna sem eru kjörgengir skv. gr. 3.2.: ~~1 úr Árborg, 1 úr Hveragerði eða Ölfusi, 1 úr öðrum~~ 5 úr sveitarfélögum Árnessýslu, 1 úr Rangárvallasýslu, 1 úr Vestur-Skaftafellssýslu, 1 úr Sveitarfélaginu Hornafirði og 1 úr Vestmannaeyjum. Jafnmargir skulu kosnir til vara af hverju svæði. Aðalfundur kýs beinni kosningu formann og varaformann stjórnarinnar úr þessum hópi. Enginn skal eiga sæti lengur en 6 ár samfellt í stjórn.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt. Hins vegar leggur allsherjarnefnd einnig til að umræðu um hvernig stjórnarmenn skiptast á milli svæða og frekari útfærslu á uppbyggingu stjórnar, verði vísað til vinnu við nýjar samþykktir SASS sem leggja á fram fyrir næsta aðalfundi SASS.

Ingibjörg Harðardóttir gerði grein fyrir álitum fjárhagsnefndar:

Eftirfarandi eru umsagnir nefndarinnar við fjárhagsáætlanatillögurnar:

- a) Fjárhagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að fjárhagsáætlun SASS fyrir rekstrarárið 2013. Fjárhagsnefnd leggur þó til að hin nýja stjórn SASS leiti leiða til að ná fram fjárhagslegri hagræðingu í kjölfar sameiningar SASS og APS, s.s. með því að endurskoða þjónustusamninga og launastefnu hinnar sameiginlegu stofnunar.
- b) Fjárhagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að fjárhagsáætlun Menningarráðs Suðurlands fyrir rekstrarárið 2013.
- c) Fjárhagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að fjárhagsáætlun verkefnisins almenningsamgöngur á Suðurlandi fyrir rekstrarárið 2013, enda er þar tekið tillit til tillögu nefndarinnar frá því í október s.l. um að skilgreint verði hvernig rekstrarafgangi af rekstri almenningsamgangna verði ráðstafað.

6. Afgreiðsla tillagna

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Fjárhagsáætlun SASS 2013 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að breytingum á samþykktum var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

7. Kosning tveggja stjórnarmanna og fjögurra varamanna

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar lagði til að eftirtaldir aðilar skipi stjórn SASS:

Helgi S. Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg og Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ taki sæti sem aðalmenn í stjórn. Einnig var lagt til að varamenn verði Ari B. Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg, Aðalsteinn Sveinsson, Flóahreppi, Björgvin Skapti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Drífa Kristjánsdóttir Bláskógabyggð.

Stjórnin er þá skipuð svo:

Aðalmenn

Gunnar Þorgeirsson Grímsnes- og Grafningshreppi formaður

Sandra Dís Hafþórsdóttir Sveitarfélaginu Árborg

Reynir Arnarson Sveitarfélaginu Hornafirði

Gunnlaugur Grettisson Vestmannaeyjabæ varaformaður

Jóhannes Gissurarson Skaftárhreppi

Sigríður Lára Ásbergisdóttir Sveitarfélaginu Ölfusi

Haukur Guðni Kristjánsson Rangárþingi eystra

Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ
Helgi Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg.

Varamenn

Ragnar Magnússon Hrunamannahreppi
NÝR: Ari B. Thorarensen Sveitarfélaginu Árborg
Ásgerður Kristín Gylfadóttir Sveitarfélaginu Hornafirði
Páley Borgþórsdóttir Vestmannaeyjabæ
Elín Einarsdóttir Mýrdalshreppi
Aðalsteinn Sveinsson Flóahreppi
Guðfinna Þorvaldsdóttir Rangárþingi ytra
Björgvin Skapti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Drífa Kristjánsdóttir Bláskógabyggð

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

8. Fundarslit

Gunnar Þorgeirsson formaður stjórnar SASS þakkaði sveitarstjórnarmönnum fyrir komuna og bauð um leið nýja fulltrúa velkomna í stjórn SASS.

Fundi slitið kl: 11:05

Rósa Sif Jónsdóttir fundarritari